

sérstök tilfinning guðhræddra sálna, einhver undrasælu umhugs-un eða óvanalegt sálarástand, heldur alt vort upp á við leitandi líf. Það bezta í oss, hugsun vor og kærleikur, þrá vor til hins góða og tilraun að ná því — þetta er heilagt, eða ekkert er heilagt. Enginn ætti að gera of lítið úr vitsmunum, og skoða þá sem óviðkomandi og óvinveitt áhrif í þessu sambandi, heldur ættu þeir að vera skoðaðir sem einn hinn hæsti og nauðsynleg-asti eiginleiki lífsins. Hin dýpsta þrá heilbrigtr hugsandi manna og kvenna er ekki eftir fögnuði; sem er fyrir ofan almennan skilning, heldur eftir kröftugra, dýpra, auðugra og fyllra lífi; og hrein og ómenguð trúarmeðvitund er tilfinningin um, að þess konar líf sé heilagt og fagurt, sé í samræmi við hjarta alls veruleika. Hver trú, sem ekki telur það heilbrigða og göfuga í manneðlinu heilagt, hver trú, sem er óvinveitt ví sindum og listum eða metur lítils síðferðislega og mannfélagslega umbótavið-leitni, og hver sú heimspeki, sem ekki finnur rúm fyrir bæn og lofgjörð, fyrir tilbeiðslu og þrá eftir hinu guðdómlega í hjartanu, getur aldrei fengið meira en fylgi nokkurra eða skamma viðtekningu. Það sem mest er um vert að ná, er ekki það, að fáeinir einkennilega skapi farnir einstaklingar nái fullnaðarsælu (nirvana), eftir langa heimsafneitun. Fyrirmynnar trúmenn vorir eru ekki Austurlanda förumunkar, sem missa ráð og rænu af sál-arþreytu, eða miðalda líkamsþjáendur, eða trúræknir Hindúar með starandi augum og óþrotlega löngum hugleiðingum. Ekki eru þeir heldur ofsatrúarmenn, sem sjá guð að eins í sinni eigin með-vitund, en geta ekki séð hann einnig í hugsunum spekinga og leikum barna. Vorir helgu menn eru líkari því fólk, semi vér þekkjum, fólk, semi lifir, lærir, elskar, þolir, vonar, treystir og gerir skyldur sínar, og hlýðir þannig fyrri hluta áminningar Páls postula, sem er, að vér eignum að framkvæma sáluhjálp voru, og sem ekki gleymir síðari hlutanum af þeirri áminningu, að í öllu sem vér gerum, eignum vér að muna, að það er guð, sem í oss starfar, bæði í vilja og verki.

Þegar mennirnir byrjuðu að hugsa lá hula vanþekkingar-innar yfir öllu. Með aukinni þekkingu eykst meðvitundin um hið leyndardómsfulla, en af annari tegund. Villimaðurinn